

BORGARRÁÐ 17. ágúst 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna skuldabréfaútboðs – FAS22120008

Fyrirhugað er enn eitt skuldabréfaútboðið hjá borginni sem hefur fullnýtt yfirdráttarheimild sína hjá Íslandsbanka nú um miðjan ágúst og þarf borgin að fjármagna sig með skuldabréfaútboðum það sem eftir er ársins. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um eftirfarandi: Á borgin enga aðra valkosti en að fara í skuldabréfaútboð og þarf hún bara að taka þeim tilboðum sem berast, hvernig sem þau líta út? Hvað gerist ef ekki er mikill áhugi fyrir skuldabréfaútboðum borgarinnar? Hvað gerir borgin ef hún nær ekki að fjármagna sig með fyrirhuguðum skuldafjárútboðum eins og fyrirhugað er? Eru skuldabréfaútboðin ætluð til að fjármagna rekstur borgarinnar, eru þau ætluð til að fjármagna framkvæmdir á vegum borgarinnar eða eru þau ætluð til að fjármagna afborganir lána?